

# Fræðslutækifæri trúnaðarmanna



**SAMEYKI**  
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

## Haustönn 2023

Upplýsingar uppfærðar 29. sep. 2023

[www.sameyki.is](http://www.sameyki.is)



## Fræðslutækifæri trúnaðarmanna

Á haustönn bjóðast þér ýmis tækifæri til að bæta við þig reynslu og þekkingu í starfi þínu sem trúnaðarmaður, fjölbreytt fræðsla og mörg spennandi námskeið eru í boði eins og fram kemur í þessum bæklingi. Þar á meðal er trúnaðarmannanám Félagsmálaskóla alþýðu (FA) sem byggir á 12 námsþáttum. Námskeiðin eru sett upp með blöndu af vefnámi, fjarnámi og staðnámi. Þá eru einnig í boði ýmis styttri námskeið sem eru í samstarfi við Fræðslusetrið Starfsmennt.

Gott er að þú ræðir við yfirmann og/eða mannauðsstjóra á vinnustað til að skapa svigrúm fyrir þig til að sækja fræðslu sem styður við hlutverk trúnaðarmanns. Trúnaðarmenn eiga rétt á að vera frá vinnu vegna starfa sem trúnaðarmaður en flestir stjórnendur taka vel í beiðni um leyfi vegna fræðslu ef það er skipulagt með góðum fyrirvara.

Trúnaðarmaður er kjörinn af samstarfsmönnum og er hann því umboðsmaður þeirra gagnvart atvinnurekanda og stéttarfélagi. Hann hefur skyldum að gegna gagnvart öllum þessum aðilum.

Hlutverk trúnaðarmanna er margþætt og hefur verið að þróast og aukast í gegnum árin. Trúnaðarmaður á að hafa vakandi auga með því að staðið sé við kjarasamninga á vinnustaðnum og að á engan hátt sé brotið á réttindum starfsmanna. Hann er tengiliður milli vinnustaðar og stéttarfélags og vinnur að lausnum þeirra ágreiningsmála sem upp koma á vinnustað.

Á topp 10 listanum yfir færniþætti framtíðar sem skipta mestu máli á vinnumarkaði fyrir árin 2023-2027 samkvæmt Alþjóðaefnahagsstofnuninni ([World Economic Forum](#)) má finna áherslu á lausnamiðaða nálgun, greiningarhæfni, gagnrýna hugsun, sköpun og frumkvæði, forystu og félagsleg áhrif, seiglu, lausn vandamála, virka hlustun og að geta sett sig í spor annarra. Í hlutverki trúnaðarmanna gefst tækifæri til að þroska þessa hæfni með því að sækja fræðslu og takast á við mál sem koma inn á borð trúnaðarmanna.

## Ferðir og gisting

Trúnaðarmönnum utan af landi stendur til boða að fá greiddan ferða- og dvalarkostnað samkvæmt [reglum sem má nálgast hér](https://www.sameyki.is/um-sameyki/trunadarmenn/ferdakostnadur/) ( <https://www.sameyki.is/um-sameyki/trunadarmenn/ferdakostnadur/> ). Nauðsynlegt er að félaginu berist beiðni um gistingu með að minnst kosti 4 daga fyrirvara í ferðamannaborginni Reykjavík.

## Upphaf kjörtímabils trúnaðarmanns

Það getur verið þess virði að taka sér tíma í að spá í hvaða hæfni/færni þú vilt bæta við þig núna á haustönn til að styðja við hlutverkið sem þú hefur verið kjörinn til. Gott er að átta sig á tímasetningum funda og hvernig dagsetningar fræðslu spila þar saman.

Sem dæmi þá er ekki er ætlast til þess að trúnaðarmaður klári alla 12 námsþættir trúnaðarmannanáms Félagsmálaskóla alþýðu á einu ári, heldur hugmyndin að hann velji það sem hentar honum bæði út frá tíma og færniþörfum.

Hér er autt pláss fyrir þig til að punkta hjá þér hvað þú vilt setja í forgang á þessari haustönn. Gangi þér vel 😊.

## Haustönn 2023 - dagsetningar fræðslu og funda

Trúnaðarmannafundir eru fyrir alla trúnaðarmenn Sameykis. Ef trúnaðarmaður kemst ekki, boðar hann varatrúnaðarmann. Athugið að nauðsynlegt er að skrá sig á námskeiðin.

### Haustönn 2023

- Þri. 26.09 Þjóðfélagið og vinnumarkaðurinn, fjarnám kl. 9-14:30 (BSRB)
- Fim. 27.09 Vinnuréttur, fjarnám kl. 9-12 (FA)
- Sun. 01.10 Þjóðfélagið og vinnumarkaðurinn, vefnám
- Sun. 01.10 Uppsagnir og uppsagnarfrestur, vefnám
- Sun. 01.10 Lestur launaseðla, vefnám
- Sun. 01.10 Veikinda og slysaréttur, vefnám
- Mán. 02.10\* Samskipti á vinnustað, staðnám, kl. 9-15:30, og  
þri. 03.10 Starfsemi Sameykis og túlkun kjarasamnings, staðnám, kl. 9-15:30
- Mán. 09.10 Vaktavinna, staðnám, kl. 12:45-15:45
- Þri. 10.10 Þjóðfélagið og vinnumarkaðurinn, fjarnám, kl. 9-12 (FA)
- Mið. 11.10 Trúnaðarmaðurinn, starf hans og staða, kl. 9-12 (BSRB)
- Fim. 19.10 Sjálfsefning, fjarnám, kl. 9-12 (FA)
- Mið. 23.10 **Trúnaðarmannaráðsfundur** kl. 13:15
- Mið. 01.11 Vinnustaðafundir, vefnám
- Mið. 01.11 Vinnueftirlit-Vinnuvernd, vefnám
- Mið. 01.11 Trúnaðarmaðurinn, starf hans og staða, vefnám
- Fim. 02.11 Öryggi í hlutverki trúnaðarmanna, staðnám, kl. 12:45-15:45
- Þri. 07.11 Vinnueftirlit-Vinnuvernd, fjarnám, kl. 9-12 (FA)
- Mið. 08.11\* Samskipti á vinnustað, staðnám, kl. 9-15:30, og  
fim. 09.11 Starfsemi Sameykis og kjarasamningar, staðnám, kl. 9-15:30
- Mán. 13.11\* Samningatækni, staðnám, kl. 9-15:30 og  
þri. 14.11 Að koma máli sínu á framfæri, staðnám, kl. 9-15:30
- Fim. 16.11 **Trúnaðarmannaráðsfundur** kl. 13:15
- Þri. 21.11 Samskipti á vinnustað, fjarnám, kl. 9-12 (FA)
- Þri. 28.11 Virk hlustun, fjarnám á Zoom, kl. 13-16
- Mán. 11.12 **Trúnaðarmannaráðsfundur** kl. 13:15

\*Um er að ræða 2ja daga námskeið

- 
- Fim. 25.01 **Trúnaðarmannaráðsfundur** kl. 13:15
  - Þri. 30.01 og 06.02 Öruggr tjáning í rafheimum og raunheimum, með Sirrý Arnars
  - Fim. 15.02 Stofnun ársins
  - Þri. 12.03 **Trúnaðarmannaráðsfundur** kl. 13:15

- Fim. 21.03 Aðalfundur Sameykis
- Mið. 17.04 **Trúnaðarmannaráðsfundur** kl. 13:15
- Mið. 01.05 1. maí baráttudagur launafólks
- Þri. 14.05 **Trúnaðarmannaráðsfundur** kl. 13:15
- Í vinnslu Krefjandi samskipti/aðstæður – vinnustofa, staðnám kl. 9:15-12:15

## **Minum á fésbókarsíðu trúnaðarmanna Sameykis**

Síðan heitir Trúnaðar - og fulltrúaráð Sameykis stéttarfélags í almannabjónustu. Óskaðu eftir aðgangi að henni ef þú ert ekki þegar búinn að því til að fylgjast með.

## **Skráning á námskeið**

Skráningar fara fram á vef Félagsmálaskóla alþýðu og vef Fræðslusetursins Starfsmenntar en skráningagátt á námskeið trúnaðarmanna má finna hér:

[www.sameyki.is/um-sameyki/trunadarmenn/trunadarmannafraedsla/](http://www.sameyki.is/um-sameyki/trunadarmenn/trunadarmannafraedsla/)

## **Nýliðafræðsla trúnaðarmanna**

**Þriðjudaginn 19. september kl. 11-13, staðnám, Gullhamrar, Grafarholti.**

Námskeiðið er fyrir trúnaðarmenn sem eru að stíga sín fyrstu skrefi í nýju hlutverki. Farið er í stuttu máli yfir uppbyggingu vinnumarkaðarins, hlutverk og þjónustu Sameykis, ákvæði í lögum um trúnaðarmanninn, ábyrgð og skyldur kjörinna fulltrúa ásamt umfjöllun um jafnréttishugtakið og jafnréttishugsun.

### **Markmiðið með námskeiðinu er að trúnaðarmaður:**

- Þekki vel félagið sitt og viti hvar er hægt að finna upplýsingar um kjara- og réttindamál.
- Viti í hvaða lögum og reglum er fjallað um hlutverk hans og þekki ákvæði um vernd.
- Sé meðvitaður um ábyrgð sína og skyldur sem kjörinn fulltrúi.
- Kunni að setja upp jafnréttisgleraugun við ákvarðanatöku og stefnumótun.

Leiðbeinandi: Starfsfólk frá Félagsdeild Sameykis.

## Vaktavinna - samkvæmt kjarasamningi ríkis og sveitarfélaga

Mánudagur 9. október kl. 12:45 – 15:45, staðnám, Grettisgötu 89, 1. hæð.

Á námskeiðinu verður fjallað um þann hluta kjarasamnings sem snýr sérstaklega að starfsfólki í vaktavinnu. Farið verður yfir vinnuskyldu út frá starfshlutfalli, gerð vaktskrár, lengd vakta, breytingu á vaktskrá, vaktahvata, vægi vinnustunda, vaktaálag, yfirvinnu og stórhátíðarkaup. Skoðað verður hvernig vinnuskylda reiknast með jöfnun vinnuskyldu við dagvinnufólk í huga. Þá verður einnig farið yfir reglur um hvíldartíma og frítökurétt auk orlofsútreikninga.

### Markmiðið með námskeiðinu er að trúnaðarmaður:

- Þekki helstu hugtök vaktavinnukaflans.
- Þekki útreikninga á vinnuskilum.
- Þekki reglur sem fjalla um gerð vaktskrár, framlagningu og breytingar á þeim.
- Þekki útreikninga á vaktahvata, álagsgreiðslum og yfirvinnu.
- Geti útskýrt breytingar sem tengjast jöfnun vinnuskila milli fólks í vaktavinnu og dagvinnu.
- Þekki reglur um hvíldartíma og orlofsútreikninga.

Leiðbeinandi kemur frá kjaradeild Sameykis.

## Öryggi í hlutverki trúnaðarmannsins

Fimmtudagur 2. nóvember kl. 12:45-15:45, staðnám, Grettisgötu 89, 1. hæð.

Fjallað verður um mismunandi hlutverk trúnaðarmannsins, það að taka að sér nýtt hlutverk og mótun sjálfsmyndar í nýju hlutverki. Einnig er fjallað um hópá, sérstaklega starfshópa, siði og venjur í hópum og farið inn á samskipti og viðhorf. Einnig eru sett markmið um eigin þróun í hlutverki trúnaðarmanns.

### Markmiðið með námskeiðinu er að trúnaðarmaður:

- Hafi verkfæri til að kljást við nýtt, spennandi og krefjandi hlutverk.
- Meti styrk sinn og veikleika í þessu nýja hlutverki.
- Fá sem skýrasta mynd af því hvað felst í verkefninu að vera trúnaðarmaður.

Leiðbeinandi: Þórkatla Aðalsteinsdóttir, sálfræðingur hjá Líf og sál ehf.

## Bætt samskipti með virkri hlustun - trúnaðarmenn

**Priðjudagur 28. nóvember kl. 13 – 16, fjarnám á Zoom**

Í hraða nútímas gleymum við oft að hlusta en leggjum ofur áherslu á að komast sjálf að í umræðunum. Hlustun er einn veigamesti þátturinn í samskiptum og tækifærið til að skilja menn og málefni.

Farið er ítarlega yfir þá tækni sem beitt er í virkri hlustun og gerðar æfingar. Með virkri hlustun áttu auðveldar með að setja þig í spor annarra og sá sem hlustað er á finnur fyrir virðingu og áhuga þess sem hlustar.

„Ég skilaboð“ fela í sér samskiptaform þar sem við tölum út frá sjálfum okkur og segjum hvað okkur finnst í stað þess að dæma þann sem við tölum við eða segja hvað okkur finnst neikvætt í framkomu hans. Þegar við notum ég skilaboð einkennast erfið samskipti af virðingu í stað dómhörku.

Námskeiðið hentar vel til að efla gæði samskipta, virðingu og skilning milli einstaklinga.

### Markmiðið með námskeiðinu er að trúnaðarmaður:

- Þjálfist í því að beita virkri hlustun
- Skilji og geti beitt ég skilaboðum í samskiptum.

Leiðbeinandi: Sigríður Hulda Jónsdóttir hjá SHJ ráðgjöf.

## Örugg tjáning í rafheimum og raunheimum

**Priðjudagar 30. janúar og 6. febrúar kl. 12:45 – 15:45, staðnám og fjarnám**

Hagnýtur fyrirlestur um örugga tjáningu á fundum, í ræðupúlti, á málstofum hvort sem er í raunheimum eða á Teams/Zoom.

Hægt að taka þátt hvort sem er í raunheimum eða á Teams.

Leiðbeinandi: Sirrý Arnars



## Krefjandi samskipti/aðstæður - vinnustofa

Í vinnslu, dagsetning kemur síðar kl. 9:15 – 12:15, staðnám, Grettisgötu 89, 1. hæð.

Áhersla er lögð á að þátttakendur tileinki sér nýtsamlegar leiðir til að takast á við krefjandi samskipti. Unnið er með greiningu á því hvernig framkoma reynist þátttakendum erfiðust og hvers vegna, hvernig þátttakendum er tamt að bregðast við ágengri framkomu og til hvaða árangurs það leiðir.

Lögð er áhersla á:

- Styrkleika þátttakenda í ólíkum aðstæðum og leiðir til að temja sér ný viðbrögð og yfirfæra styrkleika frá einum aðstæðum yfir í aðrar – vertu sterki aðilinn!
- Mikilvægi þess að leiða hugann að ástæðum fyrir vandanum t.d. með sjálfsþekkingu og að setja sig í spor einstaklingsins – hvað býr að baki?
- Ýmsar leiðir til að halda jafnvægi og vera lausnarmiðaður í erfiðum aðstæðum – auktu færni þína, sjálfsaga, sjálfsöryggi og vertu sá sem er flinkur í að tala við alla og taka á málum!
- Hvernig má á kurteislegan hátt standa fast á sínu, leiða samtalið á yfirvegaðri braut, setja mörk en sýna um leið skilning – sjálfsstyrkur og rósemi!
- Leiðir til að vernda sjálfan sig gegn ágengum einstaklingum og taka ekki ásakanir persónulega – taktu þetta ekki inn á þig!
- Viðhorf, líta á krefjandi einstaklinga sem áskorun til að þroska eigin samskiptafærni og persónustyrk – reynslubankinn: Þú ert alltaf að læra og styrkjast!

### Markmiðið með námskeiðinu er að trúnaðarmaður:

- Fá innsýn í hegðun sem einkennir krefjandi samskipti
- Öðlist meira öryggi til að bregðast rétt við í ágengri framkomu

Leiðbeinandi: Sigríður Hulda Jónsdóttir hjá SHJ ráðgjöf.

## Trúnaðarmannanám Félagsmálaskóla alpýðu

Félagsmálaskóli alpýðu (FA) er rekinn af BSRB og ASÍ en meginmarkmið skólans er að auka þekkingu talsmanna stéttarféлага og efla þá í starfi til að gera þá enn betur í stakk búna til að vinna að bættum lífskjörum launafólks.

Í samstarfi við Félagsmálaskólann er boðið upp á trúnaðarmannanám sem er byggt á vottaðri námsskrá þar sem tilteknir námsþættir eru ákvarðaðir út frá þörfum hópsins. Einnig býður skólinn upp á styttri námskeið um málefni líðandi stundar, réttindi og kjör.

Á haustönn 2023 býður Félagsmálaskólinn upp á trúnaðarmannanámið með fjölbreyttum hætti ýmist í gegnum staðnám, fjarnám, blandað nám og/eða vefnám. Áfram er grundvöllurinn 12 námsþættir sem hægt er að taka eftir hentisemi, þarf ekki að

byrja á 1, síðan 2 o.s.frv. Í staðnáminu eru stundum keyrðir tveir námsþættir saman og þau námskeið eru þá í 2 daga. Líkt og áður eru ákveðnir námsþættir í staðnáminu í keyrðir samstarfi við BSRB.

### Námsþættirnir eru:

1. Þjóðfélagið og vinnumarkaðurinn (1. hluti)
2. Trúnaðarmaðurinn; starf hans og staða (1. hluti)
3. Samskipti á vinnustað (2. hluti)
4. Starfsemi félagsins, kjarasamningar og sjóðir (2. hluti)
5. Lestur launaseðla og launaútreikningar (3. hluti)
6. Túlkun talna - hagfræði (3. hluti)
7. Almannatryggingar og lífeyrissjóði (4. hluti)
8. Vinnuréttur (4. hluti)
9. Vinnueftirlit - vinnuvernd (5. hluti)
10. Sjálfstyrking (5. hluti)
11. Samningatækni (6. hluti)
12. Að koma máli sínu á framfæri (6. hluti)

**Staðnám:** Kennsla fer fram í sal/stofu þar sem þátttakendur og kennarar mæta á ákveðnum tíma. Kennari flytur erindi, er með glærur og önnur gögn sem deilt er með þátttakendum. Umræður, verkefnavinnu og hópastarfi.

**Fjarnám:** Kennsla/námskeið er á ákveðnum tíma þar sem nemendur og kennari skrá sig inn á fjarfund (Zoom). Kennari flytur erindi, er með glærur og önnur gögn sem deilt er með þátttakendum. Möguleiki á umræðum, verkefnavinnu og hópastarfi. Kennsla er í raun hefðbundin að öðru leyti en því að hún fer fram í fjarfundi.

**Blandað:** Kennsla/námskeið fara fram í sal/stofu og á fjarfundi (Zoom) á sama tíma. Kennari er í sal/stofu en þátttakendur geta valið hvort þeir mæta á staðinn eða taka þátt í gegnum fjarfundabúnað. Kennari flytur erindi, er með glærur og önnur gögn sem deilt er með þátttakendum. Möguleiki á umræðum, verkefnavinnu og hópastarfi.

**Vefnám:** Námskeið aðgengilegt í LearnCove vefumhverfinu. Þátttakandi skráir sig og hefur aðgang að námsgögnum og kennsluefni í rafrænu umhverfi/LearnCove. Horft er á myndbönd, texti lesinn, gagnvirk verkefni unnin allt á þeim tíma sem viðkomandi hentar best. Gagnvirkni í kerfinu tryggir að einum námsþætti sé lokið áður en farið er í þann næsta. Þátttakendur hafa aðgang að kennara /starfsmanni í gegnum síma og tölvupóst. Almennt er miðað að því þátttakandi ljúki námskeiði á innan við 30 dögum frá skráningu.

Skráning fer fram á vef Félagsmálaskólans

[www.felagsmalaskoli.is](http://www.felagsmalaskoli.is)

**Athugið að við skráningu er óskað eftir  
kennitölu greiðanda (Sameykis) sem er 620269-3449.**

Skráningarfrestur rennur öllu jafna út  
viku fyrir upphaf námskeiðs.

[Hér er myndband með leiðbeiningum fyrir skráningu](#)  
í námsumhverfi Félagsmálaskólans sem heitir Learncove.  
<https://www.youtube.com/watch?v=TDqnFBs6am0>

Munið að nauðsynlegt er fyrir nemendur að hafa meðferðis fartölvu, ípad eða símann  
sinn á námskeiðin, þar sem námsefni verður meira eða minna rafrænt.  
Sjá tímasetningar námskeiða á bls. 4 í bæklingnum.

## Trúnaðarmannanám Félagsmálaskóla alþýðu

### 1. Þjóðfélagið og vinnumarkaður

#### Fjarnám/vefnám

- Fjallað er um lýðræði, mismundandi lýðræði, lýðræðislegan rétt fólks.
- Notum við okkar lýðræðislega rétt?
- Hvert er hlutverk stéttarféлага, sambanda og heildarsamtaka á vinnumarkaði
- Hvernig starfa stéttarfélagin, stjórnir þeirra og hvert er hlutverk félagsmanna.
- Starfa stéttarfélög á lýðræðislegum grundvelli?

Leiðbeinandi kemur frá Félagsmálaskóla alþýðu.

### 2. Trúnaðarmaður, starf hans og staða

#### Fjarnám/vefnám

- Hvert er hlutverk trúnaðarmanns á vinnustað, hvað á hann að gera og hvað á hann ekki að gera?
- Hvert er hlutverk trúnaðarmanna samkvæmt lögum og kjarasamningum
- Hvar getur trúnaðarmaður aflað sér upplýsinga um túlkanir kjarasamninga og önnur mál sem koma inn á hans borð.
- Hvernig eiga trúnaðarmenn að taka á móti umkvörtunum og vinna úr þeim.

Leiðbeinandi kemur frá Félagsmálaskóla alþýðu.

### 3. Samskipti á vinnustað

#### 4. Starfsemi Sameykis, sjóðir og túlkun kjarasamninga

##### Tveggja daga staðnámskeið, tvær tímasetningar í boði á haustönn

- Lögð er megináhersla á mikilvægi góðra samskipta á vinnustað, hvernig megi stuðla að góðum samskiptum.
- Skoðuð er mismunandi framkoma, áhrif hennar á okkur og aðra.
- Nemendur kynnst afleiðingum langvarandi slæmra samskipta, eineltis á vinnustað, hvernig bregðast eigi við og ábyrgð gerenda og atvinnurekenda.
- Nemendur kynnst starfsemi stéttarfélagsins, réttindum félagsmanna.
- Nemendur læra á innihald og uppbyggingu kjarasamninga og helstu túlkun á þeim.
- Nemendur þekki til helstu launamyndunarkerfa ríkisstofnana og sveitarfélaga og geti lesið sig í gegnum launamyndun einstaklinga
- Nemendur kynnst sjóðum félagsins og réttindum félagsmanna í þeim.

Leiðbeinendur koma frá Félagsmálaskóla alþýðu og Sameyki stéttarfélagi.

#### 5. Lestur launaseðla og launaútreikningar

##### Vefnám

- Nemendur læra reiknitölur helstu launaliða
- Nemendur kynnst grunnuppbyggingu launaseðla, launaútreikninga og skatta.
- Nemendur kynnst tryggingum sem við höfum í gegnum kjarasamninga, almannatryggingakerfið, sér tryggingar.
- Nemendur kynnst íslenskum vinnurétti, þeim lögum sem styrkja kjarasamninga vinnumarkaðarins.

Leiðbeinandi kemur frá Félagsmálaskóla alþýðu.

#### 6. Túlkun talna, hagfræði

##### Ekki í boði á haustönn 2023

- Megináhersla er lögð á helstu hagfræðihugtök í daglegu lífi og í kjarasamningagerð, s.s. kaupmátt launa, mun á hlutfallslegri hækkun eða krónutöluhækkun.
- Nemendur kynnst hvað þarf að hafa í huga við gerð samninga.

#### 7. Almennatryggingar og lífeyrissjóðir

##### Ekki í boði á haustönn 2023

- Nemendur kynnst tryggingum sem við höfum í gegnum kjarasamninga, almannatryggingakerfið, sér tryggingar.
- Nemendur kynnst íslenskum vinnurétti, þeim lögum sem styrkja kjarasamninga vinnumarkaðarins.

## 8. Vinnuréttur

### Fjarnám

- Megináhersla er lögð á lög um vinnurétt og hvernig þau styðja kjarasamninga og hvernig íslenskur vinnumarkaður er upp byggður.
- Lögð er áhersla á rétt launamanna t.d. til fæðingarorlofs, atvinnuleysistrygginga.
- Einnig er farið í ýmis þau réttindi í lögum og reglugerðum sem íslenskur vinnumarkaður byggir á.

Leiðbeinandi kemur frá Félagsmálaskóla alþýðu.

## 9. Vinnueftirlit og vinnuvernd

### Vefnám/Fjarnám

- Megináhersla er lögð á hlutverk Vinneftirlistins og vinnuvernd á vinnustöðum.
- Hverjir eiga að sjá um eftirlit á vinnustöðum og hver sé ábyrgðaraðili að launamenn vinni í hollu og öruggu vinnuumhverfi.
- Hvað felst í öryggi og hollustuháttum á vinnustað.
- Hvert er hlutverk öryggistrúnaðarmanna, öryggisvarða og öryggisnefnda og hvernig kosning og val þessara aðila fer fram.

Leiðbeinandi kemur frá Félagsmálaskóla alþýðu.

## 10. Sjálfsefling

### Fjarnám

- Farið er í hvernig sjálfstraust einstaklinga hefur áhrif á samskipti.
- Nemendur kynnst áhrifum skorts á sjálfstraust og ýmsar birtingamyndir þess.
- Nemendur kynnst leiðum til að efla sjálfstraustið og hvaða aðstæður geta haft áhrif á sjálfstraustið.

Leiðbeinandi kemur frá Félagsmálaskóla alþýðu.

## 11. Samningatækni

### 12. Að koma máli sínu á framfæri

#### Tveggja daga staðnámskeið, ein tímasetning í boði á haustönn

- Nemendur kynnst helstu hugtökum í samningtækni.
- Lögð er áhersla á eðli og markmið samninga, grunnatriði samningagerðar, hvernig hún er notuð í daglegu lífi við úrlausn mála sem koma inn á borð trúnaðarmanna.
- Megináhersla er á undirbúning framsögu og umræður á vinnustaða- og félagsfundum, fundarsköp og frágang fundagerða.
- Einnig er fjallað um einkenni og tilgang ýmissa ræðuforma.
- Lögð er áhersla á að skilgreina helstu einkenni rökræðu, mikilvægi þess að hlusta á skoðanir annarra.

## Stytttri námskeið Félagsmálaskólans fyrir trúnaðarmenn

### Vinnustaðafundir

**Vefnám**, rafrænt námskeið sem nemendur geta tekið hvenær sem þeim hentar.

- Farið er í kjarasamningsbundinn rétt trúnaðarmanna stéttarfélaga til að boða og halda vinnustaðafundi á vinnustað sínum. Farið er í boðun, undirbúning og skipulag slíkra funda, tilgang þeirra og framkvæmd.
- Einnig eru tekin dæmi um hugsanleg málefni slíkra funda til umhugsunar.

### Uppsagnir og uppsagnarfrestur

**Vefnám**, rafrænt námskeið sem nemendur geta tekið hvenær sem þeim hentar.

- Námskeiðinu er ætlað að varpa ljósi á þær skyldur sem bæði starfsmenn og atvinnurekendur hafa samkvæmt gildandi kjarasamningum þegar um uppsögn er að ræða.
- Farið er í form uppsagnar, mikilvægi formlegs uppsagnarbréfs og afhendingar þess.
- Einnig er farið í lengd uppsagnarfrests eftir mismunandi kjarasamningum.
- Skoðaðar eru uppsagnir í tengslum við orlof, veikindi og slys sem og þeirra sem njóta uppsagnaverndar.
- Gert er ráð fyrir því að nemendur séu greiðendur að námskeiðinu, en trúnaðarmenn þurfa að fá leyfi stéttarfélags til að skrá sig á námskeiðið eigi félagið að vera greiðandi, annars að geta þeir sótt um endurgreiðslu hjá sínu stéttarfélagi vegna setu á námskeiðinu.

### Veikinda og slysaréttur

**Vefnám**, rafrænt námskeið sem nemendur geta tekið hvenær sem þeim hentar.

- Námskeiðinu er ætlað að varpa ljósi á mikilvægi veikinda- og slysaréttar í réttindum launafólks og ýmis ákvæði og aðstæður þeim tengdum.
- Á námskeiðinu er farið í veikinda- og slysarétt samkvæmt lögum og tekin eru dæmi úr mismunandi kjarasamningum.
- Farið er í greinamun á annars vegar veikindarétti og hins vegar slysarétti.
- Skoðaður er réttur launafólks til ávinnslu og töku.
- Lögð er áhersla á mikilvægi þess að tilkynna óhöpp og slys sem verða á beinni leið til og frá vinnu og við störf.
- Einnig er farið í hvenær eru ekki greidd laun í veikindum sem og ákvæði saminga varðandi framlagningu læknisvottorða.

## Handbók trúnaðarmanna

Á vef Félagsmálaskóla alþýðu er að finna handbók trúnaðarmanna þar sem fjallað er um trúnaðarmanninn-starf og stöðu, stéttarfélagið - gögn og erindi, réttindi launafólks, vinnuvernd, samskipti á vinnustað, hagfræði og launafólk, tryggingar og BSRB. Hluti þessara upplýsinga hefur verið þýddur á ensku. Handbókin fæst einnig í harðspjaldamöppu á skrifstofu Sameykis. Uppfærslur í kjölfar breytinga á lögum og reglum eru jafnóðum færðar inn á vef Félagsmálaskólans.

Hér má nálgast handbókina:

<https://www.felagsmalaskoli.is/trunadarmenn/handbok-trunadarmannsins-forsida/>

[Handbók trúnaðarmannsins – pdf](#)

[Handbook for union representatives \(English\) – pdf](#)

*Athugið! Bæklingur var uppfærður 15. september 2023*

**Sameyki stéttarfélag í almannapjónustu, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík, s. 525-8330**

[sameyki@sameyki.is](mailto:sameyki@sameyki.is), [www.sameyki.is](http://www.sameyki.is), [www.facebook.com/sameyki/](https://www.facebook.com/sameyki/), [www.instagram.com/sameyki/](https://www.instagram.com/sameyki/)

---